

Lokað er á skotsvæði okkar á morgun laugardaginn 20.des. Verðum næst með **opið laugardaginn 27.desember** en svo kemur stopp í opnanir, þar sem bráðabirgðaleyfið okkar rennur út um áramótin. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar hefur öll nauðsynleg gögn í höndunum til þess að gefa út tillögur að starfsleyfi. Við gerum okkur vonir um að drög að nýju starfsleyfi verði auglýst í byrjun janúar svo ekki komi til stöðvunar á starfseminni enn og aftur.